

Mál nr. 63/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar vegna farangurstjóns

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á farangri 24.01. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M er ósammála ákvörðun félagsins um höfnun á bótaskyldu vegna farangurstjóns. Farsíma mun hafa verið stolið úr vasa M.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í vátryggingaskilmálum kemur fram að vátryggður sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið. Í tjónstilkynningu hafi verið merkt við að ferðin hafi verið vinnuferð þrátt fyrir að um orlofsferð hafi og verið að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að M hafi verið í vinnuferð í umrætt sinn og líkt og vátryggingafélagið vísar til þá er hér um undanskilda áhættu að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.